



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Efni: Skammtíma og langtíma hjólastæði

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. febrúar 2023 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum.

Hversu mörg skammtíma- og langtímahjólastæði hafa verið gerð við nýlegar endurgerðir á leikskólum t.d. stækkun á Múlaborg með endurgerð á húsnæði við Ármúla og endurgert húsnæði við Kleppsveg fyrir Brákarborg. Hafa foreldrar/forráðafólk og starfsfólk gott aðgengi að yfirbyggðum hjóla- og vagnageymslum í endurgerðu leikskólahúsnæði? Hversu mörg skammtíma- og langtímahjólastæði eru við húsnæði þeirra Ævintýraborga sem tóku til starfa 2022 og þeirra sem fyrirhugað er að taki til starfa 2023? Samræmist fjöldi skammtíma- og langtímahjólastæða við leikskóla Reykjavíkur við það sem stefnt er að í hjólreiðaáætlun, Grænu plani og gildandi reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík?

Erindinu var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs